

GrasTec ehf.
Einigrund 9
300 Akranes

Selfossi, 15. júlí 2025
UOS2505038/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits með plöntuverndarvörum sem fyrirtækið GrasTec ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Varan Primo Maxx II var skoðuð m.t.t. markaðsleyfis og merkinga, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014. Varan uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum og telst málinu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og voru á staðnum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem GrasTec ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttir, varðandi plöntuverndarvörur í síma 569 6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla